„Myndlistin er ekkert betri en áð

MEÐ kólnandi veðurfari eykst fjöldi hverskona sýninga í höfuðborginni og oft er það svo, að málverkasýningar og ýmiskonar listsýningar setja mestan svip á borgina á köldum haustmánuðum. Nú eru eigi færri en fimm listsýningar í Reykjavík og í vikunni skrapp Morgunblaðið á nokkrar þeirra og ræddi við listamennina um þær hræringar, sem nú eiga sér stað í íslenzkri list.

Fyrst lögðum við leið okkar í Norræna húsið, þar sem félagsskapurinn Sept. sýnir, en þar sýna listmálarar, sem hafa sýnt oft saman, allt frá septembersýningunni 1948. Fyrstan tókum við tali Valtý Péturssyni listmálara og spurðum hann hvernig honum litist á þær hræringar, sem nú ættu sér stað í íslenzkri myndlist.

„Ég verð að játa, að ég er mjög ánægður með þær hræringar, sem nú eru í íslenzkri myndlist og með framtíðina. Það er ýmislegt sem sýnir lífsmark og ýmislegt sem kemur í veg fyrir stöðnun. Hvort íslenzk myndlist er betri nú eða fyrir 10—15 árum, um það get ég ekki sagt, það gengur í dölum, og þetta er allt mjög breytilegt. En ég held að íslenzk málaralist sé sterkari en áður. Vissulega áttum við frábæra brautryðjendur, en það er miklu meira í loftinu núna. Hvað sem kemur í staðinn veit Guð einn.

Það er óhemjumikið af fólki á ferðinni, sem fæst við að mála, — kannski er það misskilningur að hafa svona marga málara, kannski er það líka nauðsynlegt.

— Af yngri málurunum finnst mér Gunnar Örn Gunnarsson hvað efnilegastur."

„Það er afskaplega erfitt að spá nokkru um íslenzka myndlist," sagði Kristján Davíðsson, og bætti við: „Handíðaskólinn hefur verið þýðingarmikill í því að mennta tilvonandi málara, en ég veit ekki hvað verður. Allavega held ég að íslenzkir myndlistarmenn þurfi að menntast erlendis, myndlistarmenn þurfa að kynnast áhrifum annarra landa. Listamaður, sem eingöngu hefur dvalizt hér á landi á mikið eftir ólært, og það sama myndi ég segja um arkitekt, sem ekkert hefði lært hér."

„Hvort finnst þér myndlistin betri eða verri en fyrir 10—15 árum?"

„Myndlistin breytist alltaf. Það sér maður á sögunni, og þar af leiðandi er erfitt að úttala sig um það, sérstaklega þegar maður stendur mitt í þessu fagi."

„En hefur þú orðið var við marga efnilega málara að undanförnu?"

RÆTT VIÐ NOKKRA LISTAMENN SEM SÝNA UM ÞESSAR MUNDIR

„Ég verð að játa, að ég hef ekki rekizt á marga upp á síðkastið. Þó er ein undantekning, Gunnar Örn Gunnarsson, sem býr í Kaupmannahöfn, finnst mér efnilegur. Og þegar verið er að tala um fjölda þeirra sýninga, sem hér eru haldnar, þá lýsir menningarástand fólks sér vel í þessum efnum. Það er sæmileg aðsókn á hverja einustu sýningu, það virðast allir fá aðsókn, hversu lítt lærðir sem þeir eru, og að það skuli vera hægt að selja allan þennan fjölda mynda er hreint stórkostlegt! Tónlistarmenntun fólks er komin miklu lengra, a.m.k. dettur engum manni í hug, sem hefur lært að leika Gamla Nóa á píanó, að leigja sér konsertsal og halda hljómleika."

„Finnst þér að miklar breytingar hafi átt sér stað hjá málurum síðustu árin?"

„Maður veit aldrei neitt nema um sjálfan sig. Sjálfur hef ég verið að breytast og er nú fyrst að ná tökum á því sem ég er farinn að mála. Lengi málaði ég „lýriskar" abstrakt myndir, en nú mála ég figúratívískar myndir. Sumir halda sig alltaf við sama efni, eins og t.d. Þorvaldur Skúlason. Hann þroskar sig enn, en heldur sig við sömu aðalatriðin. — En reyndar er það svo, að maður er alltaf mest upptekinn við það sem maður er sjálfur að gera."

Eini myndhöggvarinn á „Sept" sýningunni í Norræna húsinu er Sigurjón Ólafsson, sem að þessu sinni sýnir nú tréskurðarmyndir, en Sigurjón hefur mikið farið út í tréskurðinn að undanförnu, m.a. af heilsufarsástæðum.

„Mér finnst, að íslenzk höggmyndalist standi nú á vegamótum," segir Sigurjón þegar við spyrjum hann, hvernig honum litist á íslenzka höggmyndalist, og bætir við: „Þessi listgrein er síbreytileg, en hún er nú meira leitandi en áður. Það gamla er nú horfið, og nú orðið er þetta formleit."

„Hvaðan koma áhrifin?"

„Það er misjafnt, Hallsteinn Sigurðsson ferðast t.d. um til að reyna að fá áhrif og enn aðrir þurfa alltaf að vera erlendis til að fá einhver áhrif. Annars held ég að höggmyndamenn þurfi að hafa ríkt hugmyndaflug til að standa ekki á köldum klaka og sjálfur verð ég að segja, að ég hugsa aldrei um stefnur."

„Hvernig stendur íslensk höggmyndalist að vígi?"

„Um þessar myndir er mikil gróska í þessari list. Það er t.d. komin upp á yfirborðið mjög efnileg stúlka, Sigrún Guðmundsdóttir að nafni, sem stundar nám í Noregi, en hún á eðlilega eftir að þroska sjálfa sig. Þá eru þeir Hallsteinn Sigurðsson og Jón Gunnar mjög lifandi og gera margt skemmtilegt."

„Finnst þeir hafa orðið mikil breyting á íslenzkri höggmyndalist síðustu 10—15 árin?"

„Ekki er hægt að neita því. Fyrr á árum var allt svo lokað hér heima. Lengi var Einar Jónsson einn. Hann var óneitanlega góður maður, því ég kynntist honum. Reyndar varð það svo, að ég byrjaði að mála og var hjá Ásgrími í tvo vetur, en fór svo til Einars í nám. Oft var það þannig að ég skildi ekki hans sérvizku. Hann mátti t.d. aldrei heyra að hann væri undir einhverjum áhrifum, en vissulega var hann undir miklum áhrifum frá súealistum, eins og myndir hans gefa til kynna.

Það er líka öllum nauðsynlegt að vera undir einhverjum áhrifum og vinna síðan út frá þeim."

„Þurfa Íslendingar ekki að óttast neina stöðnum í myndlistinni á næstu árum?"

„Það held ég ekki, það er gróska á mörgum sviðum. Það þarf t.d. ekki að líta á annað en myndirnar hér í Norræna húsinu, þær eru furðu lifandi hjá þessum gamlingjum. Meira að segja „fúskararnir" hafa líka sýnt framfarir á allrasíðustu tímum, en þeir eru líka nauðsynlegir."

„Mér hefur fundizt myndlistin lágkúruleg um skeið og jafnvel að úrkynjun hafi átt sér stað, en ég held að nú sé eitthvað að rofa til aftur. Ekki bara hér heima, heldur líka erlendis," sagði Jóhannes Jóhannesson. Í framhaldi af þessu spurðum við hann hvað það væri sem færi nú batnandi.

„Það eru nokkrir strákar að koma til og eru þegar orðnir góðir. Má þar benda á Magnús Kjartansson, Sigurð Örlygsson og fleiri."

„Fer þá myndlistin batnandi?"

„Ekki finnst mér myndlistin betri en áður, hún er bara öðru vísi, enda eiga vissar breytingar sér ávallt stað. Við eigum því ekki að þurfa að kvíða framtíðinni."

„En hvað um sjálfan þig, hefur þú eitthvað breytzt á undanförnum árum?"

„Það vona ég svo sannarlega. Að vísu hef ég haldið mig við viss fundament, sem ég tel að eigi að vera í öllum myndum." Á Loftinu við Skólavörðustíg er Kjartan Guðjónsson með sýningu og það fyrsta sem hann sagði, er við ræddum við hann, var:

„Mér finnst hræringarnar mjög fjörugar um þessar mundir. En það sem mér finnst verst, sem myndlistarmaður, er hvað maður hefur alltaf lítið samband við umheiminn. Það er ekki nægjanlegt að fara út og skoða sýningar. Við þurfum líka að fá erlenda listamenn til að vinna hér heima og sýna. Öðru vísi ráðum við ekki bót á þessu."


„Finnst þér mikill munur á myndlist nú og fyrir 10—15 árum?"

„Myndlistin er miklu fjölbreyttari núna, en það er afskaplega erfitt að gera sér grein fyrir því hver staðan er. Tíminn einn sker úr um það. Annars held ég að íslenzkir myndlistarmenn fylgist ótrúlega vel með, þrátt fyrir allt. Allar meginstefnurnar virðast eiga fulltrúa hér. Og það er svo með myndlistina, að hún verður alltaf sífelt leit og hönnun.


Ég var einmitt að skoða sovézkar listaverkabækur núna rétt áðan. Og ég verð að játa, að mér rann þetta til rifja. Maður sá víða stórkostlega hæfileika á bak við myndirnar, en þær voru allar steindauðar, hefðu kannski þótt góðar fyrir 10 árum. Ef listamaðurinn gerir eingöngu það sem hann kann, í stað þess að gera eitthvað meira, verður allt ómögulegt."

„Hverjir finnst þér efnilegastir ungra myndlistarmanna hér?"


„Þeir eru nokkrir, en efni-



Mats Wibe Lund fyrir framan mynd af dætrum sínum



Sigurjón Ólafsson virðir fyrir sér eitt verka sinna



Kjartan Guðjónsson í syningarsalnum á „Loftinu"